og mannlegan hátt. Enn á hundrað ára afmæli Kjarvals hefur ekki farið fram verulegt listrænt mat á verkum hans, hann er enn ástmögur á sínu sviði, og umheimurinn hefur ekki enn komist í kynni við verk hans nema að litlu leyti. Einn góðan veðurdag verður það vonandi önnur saga. Kjarval er það stórkostlegur málari í bestu verkum sínum, að heimurinn getur ekki látið sem ekkert sé. Það er ógerlegt. Eitt áþreifanlegasta dæmi um mikilleika málarans Kjarvals er, hve tímalaus hann er í list sinni. Stílar og ismar koma honum ekkert við, hann fer sínar eigin götur og þær leiða til eins takmarks — litasinfóníu með miklu skáldlegu ívafi, málverks allra tíma og engra isma. Enda sagði hann oftar en einu sinni: Það er fullkomið ævistarf að vera maður.

Ein er sú endurminning tengd Kjarval, sem er mér minnisstæðari en aðrar. Það var þegar fundum okkar bar saman í síðasta skipti. Það var í Lækjargötunni síðla dags í dumbungsveðri. Í fylgd með honum var maður, sem ég þekkti ekki. Meistrinn var þreytulegur og tekinn nokkuð í andliti, beinber og úfinn. Hann hafði bognað aðeins í baki, annars var hann eins glæsilegur og hann átti vanda til. Það var mikið sjónarspil. Hann hélt mikla ræðu um allt og ekki neitt, látalætin leyndu sér ekki. Svo bauð hann upp á harðfisk og flatkökur með brennnivínstári — og hrosshár í flöskunni. Það var sko smukt, min gamle ven. Það er sko gilligogg í lagi. Ekki veit ég af hverju, en það komst einhvern veginn inn í huga mér þarna á stundinni að þetta væri í seinasta sinn sem ég sæi stórmennið, vin minn Kjarval. Ég þakkaði gott boð, við tókumst í hendur, og það var einkennilegur glampi í augum gamla mannsins. Því að það var gamall maður og lúinn, sem veifaði hatti sínum í kveðjuskyni, er hann vatt sér inn í Austurstræti og strunsaði með vin sinn við hlið vestur götuna — vestur götuna, þar sem hann hafði verið álíka landamerki og sjálfur Landsbankinn í meira en mannsaldur. Það myndaðist áþreifanlegt tóm, þar sem gamli maðurinn hafði staðið og ég skynjaði einhvernn veginn, að ekkert væri eftir nema tómið.

Valtýr Pétursson

Eftirmáli

Eiginlega er mér skylt að segja frá því, hvernig það gekk að koma þessum línum saman um meistara Kjarval. Það gekk nefnilega ekki slysalaust.

Yfirskilvitlegir hlutir fóru allt í einu að gerast. Tölvan varð óþæg og gerði mér grikk eftir grikk, meðan vinnslan fór fram. Efnið var svo víðfemt, að valið varð að nokkurs konar martröð, og hver textinn eftir annan varð til og þurrkaðist út jöfnum höndum, þannig að eftir mikla vinnu var sama og ekkert eftir af fyrstu textunum. Þannig gekk það nokkra daga, en svo var eins og hugur minn uppljómaðist, og mér fannst meistarinn allt í einu standa að baki mér og reka upp hláturshviður. Um leið varð ég sannfærður um, að gamli maðurinn vildi hafa putana í þessu fyrirtæki, og ég gerðist enn varfærnari við tölvuvinnsluna.

En viti menn! Enn áttu textar eftir að hverfa, og afraksturinn varð sama og enginn. Enn breytti ég um efni, og þá gerðist undrið. Eftir miklar tilfæringar og umstang varð greinarstúfurinn til í þeirri mynd, sem hann birtist hér, og sá gamli hætti að hlæja. Jæja, hugsaði ég, hann er þá loksins orðinn sáttur við textann, eða tókst mér á einhvern hátt að plata þann gamla. Mér fannst samt áfram afmælisbarnið vera viðstatt, og ég fór varlega í það að skrifa þessar línur sem eftirmála. En hvernig svo sem í þessum málum liggur, er ég sannfærður um, að ég mun styrkjast í trúnni á annað líf, og ef til vill verður orðið yfirskilvitlegt loks fullt merkingar fyrir mér, enda brúkaði meistarinn það oft og óspart. Svona getur farið fyrir jafn jarðbundum veraldargosum og Valtý Péturssyni.

V.P.



Morgunblaðið/Bjarni


Starfsfólk Álafossverslunarinnar í Reykjavík ásamt iðnaðarráðherra með 29,3 metra langan trefil á milli sín.

Álafoss:

Þrjú hundruð manns prjónuðu lengsta trefil í heimi

HINUM árlegu Alafoss-dögum, sem að þessu sinni voru helgaðir Alafossgarni og eiginleikum þess, lauk á laugardaginn. Iðnaðarráðherra Sverrir Hermannsson lauk við lengsta trefil, sem vitað er til að hafi verið prjónaður í heiminum og standa vonir til þess að lengd trefilsins fáist skráð sem heimsmet í heimsmetabók Guinness. Trefillinn varð 29,3 metrar í Alafossbúðinni í Reykjavík og 24,5 metra trefill var prjónaður í Verslun Sigurðar Guðmundssonar á Akureyri. Rúmlega þrjú hundruð manns tóku í prjónana í Reykjavík og á þriðja hundrað á Akureyri.

Að sögn Einars Egilssonar verslunarstjóra Alafossverslunarinnar í Reykjavík sýndi fólk mikinn áhuga á að fá að taka í prjónana og myndaðist oft biðröð þeirra, sem vildi komast að. Hver og einn gat valið bæði lit á garni, munstur og lengd þess, sem hann vildi prjóna. Trefillinn verður fyrst um sinn hafður til sýnis í versluninni við Vesturgötu þar sem hann nær enda á milli í versluninni. Það var Dóra Diegó verslunarstjóri hjá Alafoss, sem átti hugmyndina að treflinum.



Iðnaðarráðherra Sverrir Hermannsson leggur síðustu hönd á lengsta trefil í heimi.

Frá miðvikudegi til föstudags var í gangi getraun um endanlega lengd treflanna í verslunum í Reykjavík og á Akureyri. Tvöhundruð tóku þátt í getrauninni í Reykjavík og nítíu á Akureyri. Þeir, sem komast næst endanlegri lengd fá garn í peysu að launum. I viðurkenningarskyni fyrir framlag karlmanna, sem tóku í prjónana þrátt fyrir takmarkaða kunnáttu hefur Alafossbúðin í Reykjavík ákveðið að gangast fyrir prjónanámskeiði fyrir karlmenn samhliða námskeiði fyrir konur á næstunni.

Peningamarkaðurinn

GENGISSKRÁNING

Nr. 194 — 14. október 1985

Ein. Kl. 09.15	Kr. Kaup	Kr. Sala	Toll-gengi
Dollari	41,450	41,570	41,240
St.pund	58,569	58,738	57,478
Kan.dollari	30,294	30,382	30,030
Dönsk kr.	4,3062	4,3186	4,2269
Norsk kr.	5,2412	5,2564	5,1598
Sænsk kr.	5,1913	5,2063	5,1055
Fi. mark	7,2675	7,2885	7,1548
Fr. franki	5,1204	5,1353	5,0419
Belg. franki	0,7707	0,7730	0,7578
Sv. franki	19,0443	19,0995	18,7882
Holl. gyllini	13,8515	13,8916	13,6479
V-þ. mark	15,6150	15,6602	15,3852
It. lira	0,02314	0,02321	0,02278
Austurr. sch.	2,2219	2,2384	2,1891
Port. escudo	0,2551	0,2558	0,2447
Sp. peseti	0,2560	0,2568	0,2514
Jap. yen	0,19265	0,19321	0,19022
Irskt pund	48,300	48,439	47,533
SDR (Sérst. dráttarr.)	43,9873	44,1148	43,4226
Bel. franki	0,7644	0,7666	

INNLÁNSVEXTIR:

Sparisjóðsbækur	22,00%
Sparisjóðsreikningar	
með 3ja mánaða uppsögn	
Alþýðubankinn	25,00%
Búnaðarbankinn	25,00%
Iðnaðarbankinn	23,00%
Landsbankinn	23,00%
Samvinnubankinn	25,00%
Sparisjóðir	25,00%
Útvegsbankinn	23,00%
Verzlunarbankinn	25,00%
með 6 mánaða uppsögn	
Alþýðubankinn	30,00%
Búnaðarbankinn	28,00%
Iðnaðarbankinn	28,00%
Samvinnubankinn	30,00%
Sparisjóðir	28,00%
Útvegsbankinn	29,00%
Verzlunarbankinn	31,00%
með 12 mánaða uppsögn	
Alþýðubankinn	32,00%
Landsbankinn	31,00%
Útvegsbankinn	32,00%
Innlánsskírteini	
Alþýðubankinn	28,00%
Sparisjóðir	28,00%
Verðtryggðir reikningar miðað við lánskjaravísitölu með 3ja mánaða uppsögn	
Alþýðubankinn	1,50%
Búnaðarbankinn	1,00%
Iðnaðarbankinn	1,00%
Landsbankinn	1,00%
Samvinnubankinn	1,00%
Sparisjóðir	1,00%
Útvegsbankinn	1,00%
Verzlunarbankinn	2,00%
með 6 mánaða uppsögn	
Alþýðubankinn	3,50%
Búnaðarbankinn	3,50%
Iðnaðarbankinn	3,50%
Landsbankinn	3,00%
Samvinnubankinn	3,00%
Sparisjóðir	3,00%
Útvegsbankinn	3,00%
Verzlunarbankinn	3,50%
Ávísana- og hlaupareikningar:	
Alþýðubankinn	
— ávísanareikningar	17,00%
— hlaupareikningar	10,00%
Búnaðarbankinn	8,00%
Iðnaðarbankinn	8,00%
Landsbankinn	10,00%
Samvinnubankinn	8,00%
Sparisjóðir	10,00%
Útvegsbankinn	8,00%
Verzlunarbankinn	10,00%
Stjörnureikningar: I, II, III	
Alþýðubankinn	9,00%
Safnlán — heimilislán — IB-lán — plúslán	
með 3ja til 5 mánaða bindingu	
Iðnaðarbankinn	23,00%
Landsbankinn	23,00%
Sparisjóðir	25,00%
Samvinnubankinn	23,00%
Útvegsbankinn	23,00%
Verzlunarbankinn	25,00%
6 mánaða bindingu eða lengur	
Iðnaðarbankinn	26,00%
Landsbankinn	23,00%
Sparisjóðir	28,00%
Útvegsbankinn	29,00%
Innlendir gjaldeyrisreikningar:	
Bandarikjadollar	
Alþýðubankinn	8,00%
Búnaðarbankinn	7,50%
Iðnaðarbankinn	7,00%
Landsbankinn	7,50%
Samvinnubankinn	7,50%
Sparisjóðir	8,00%
Útvegsbankinn	7,50%
Verzlunarbankinn	7,50%
Sterlingspund	
Alþýðubankinn	11,50%
Búnaðarbankinn	11,00%
Iðnaðarbankinn	11,00%
Landsbankinn	11,50%
Samvinnubankinn	11,50%
Sparisjóðir	11,50%
Útvegsbankinn	11,00%
Verzlunarbankinn	11,50%
Vestur-þýsk mörk	
Alþýðubankinn	4,50%
Búnaðarbankinn	4,25%
Iðnaðarbankinn	4,00%
Landsbankinn	4,50%
Samvinnubankinn	4,50%
Sparisjóðir	4,50%
Útvegsbankinn	4,50%
Verzlunarbankinn	5,00%
Danskar krónur	
Alþýðubankinn	9,50%
Búnaðarbankinn	8,00%
Iðnaðarbankinn	8,00%
Landsbankinn	9,00%
Samvinnubankinn	9,00%
Sparisjóðir	9,00%
Útvegsbankinn	9,00%
Verzlunarbankinn	10,00%

ÚTLÁNSVEXTIR:

Almennir víxlar, forvextir:	
Landsbankinn	30,00%
Útvegsbankinn	30,00%
Búnaðarbankinn	30,00%
Iðnaðarbankinn	30,00%
Verzlunarbankinn	30,00%
Samvinnubankinn	30,00%
Sparisjóðirnir	30,00%
Viðskiptavíxlar	
Alþýðubankinn	32,50%
Landsbankinn	32,50%
Búnaðarbankinn	32,50%
Sparisjóðir	32,50%
Yfirdráttarlán af hlaupareikningum:	
Landsbankinn	31,50%
Útvegsbankinn	31,50%
Búnaðarbankinn	31,50%
Iðnaðarbankinn	31,50%
Verzlunarbankinn	31,50%
Samvinnubankinn	31,50%
Alþýðubankinn	31,50%
Sparisjóðirnir	31,50%
Endurseljanleg lán fyrir innlendan markað	27,50%
lán í SDR vegna útflutningsframl.	9,50%
Skuldabréf, almenn:	
Landsbankinn	32,00%
Útvegsbankinn	32,00%
Búnaðarbankinn	32,00%
Iðnaðarbankinn	32,00%
Verzlunarbankinn	32,00%
Samvinnubankinn	32,00%
Alþýðubankinn	32,00%
Sparisjóðirnir	32,00%
Viðskiptaskuldabréf:	
Landsbankinn	33,50%
Búnaðarbankinn	33,50%
Sparisjóðirnir	33,50%
Verðtryggð lán miðað við lánskjaravísitölu	
í allt að 2½ ár	4%
lengur en 2½ ár	5%
Vanskilavextir	45%
Óverðtryggð skuldabréf	
útgefin fyrir 11.08.'84	32,00%

Lífeyrissjóðslán:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins: Lánsupphæð er nú 350 þúsund krónur og er lánið vísitölubundið með lánskjaravísitölu, en ársvextir eru 5%. Lánstími er allt að 25 ár, en getur verið skemmri, óski lántakandi þess, og eins ef eign sú, sem veð er í er lítilfjörleg, þá getur sjóðurinn stytt lánstímann.

Greiðandi sjóðsfélagar geta sótt um lán úr lífeyrissjóðnum ef þeir hafa greitt iðngjöld til sjóðsins í tvö ár og þrjá mánuði, miðað við fullt starf. Biðtími eftir láni er sex mánuðir frá því umsókn berst sjóðnum.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna: Lánsupphæð er nú eftir 3ja ára aðild að lífeyrissjóðnum 192.000 krónur, en fyrir hvern ársfjórðung umfram 3 ár bætast við lánið 16.000 krónur, unz sjóðsfélagi hefur náð 5 ára aðild að sjóðnum. Á tímabilinu frá 5 til 10 ára sjóðsaðild bætast við höfuðstól leyfilegrar lánsupphæðar 8.000 krónur á hverjum ársfjórðungi, en eftir 10 ára sjóðsaðild er lánsupphæðin orðin 480.000 krónur. Eftir 10 ára aðild bætast við 4.000 krónur fyrir hvern ársfjórðung sem líður. Því er í raun ekkert hámarkslán í sjóðnum.

Höfuðstóll lánsins er tryggður með lánskjaravísitölu, en lánsupphæðin ber nú 5% ársvexti. Lánstíminn er 10 til 32 ár að vali lántakanda.

Þá lánar sjóðurinn með skilyrðum sérstök lán til þeirra, sem eru eignast sína fyrstu fasteign og hafa greitt til sjóðsins samfellt í 5 ár, kr. 525.000 til 37 ára.

Lánskjaravísitala fyrir október 1985 er 1266 stig en var fyrir september 1239 stig. Hækkun milli mánaðanna er 2,18%. Miðað er við vísitöluna 100 í júní 1979.

Byggingavísitala fyrir október til desember 1985 er 229 stig, og er þá miðað við 100 í janúar 1983.

Handhafaskuldabréf í fasteignaviðskiptum. Algengustu ársvextir eru nú 18—20%.

Sérboð

	Nafnvextir m.v. óverðtr. kjör	Nafnvextir m.v. verðtr. kjör	Verðtrygg. tímabil	Höfuðstólsfærslur vaxta á ári
Óbundið fé				
Landsbanki, Kjörbók: 1)	?—34,0	1,0	3 mán.	1
Útvegsbanki, Ábót:	22—34,6	1,0	1 mán.	1
Búnaðarb., Sparib: 1)	?—34,0	1,0	3 mán.	1
Verzlunarb., Kaskóreikn:	22—31,0	3,5	3 mán.	4
Samvinnub., Hávaxtareikn:	22—31,6	1—3,0	3 mán.	2
Alþýðub., Sérvaxtabók:	27—33,0	...	...	4
Sparisjóðir, Trompreikn:	32,0	3,0	1 mán.	2
Iðnaðarbankinn: 2)	28,0	3,5	1 mán.	2
Bundið fé:				
Búnaðarb., 18 mán. reikn:	36,0	3,5	6 mán.	2

1) Vaxtaleiðrétting (úttektargjald) er 1,7% hjá Landsbanka og Búnaðarbanka.
2) Tvær úttektir heimilaðar á hverju sex mánaða tímabili án, þes að vextir lækki.